

Umhverfisstofnun
Áb. <u>SI KG</u>
13 FEB. 2009
<u>45.11</u>
Tilv. <u>UST20090200080</u>

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24,  
108 Reykjavík



Lónum 11.02.2009

**Efni:** Umsókn um stækkun á starfsleyfi Rifóss h.f.

Rifós h.f. á og rekur fiskeldisstöð í sjókvíum í Lónum í Kelduhverfi Norðurþingi

Í starfsleyfi sem gefið var út 2004 er Rifós hf. heimilt að ala 500 tonn af laxi og 200 tonn af bleikju.

Í raun hefur leyfið verið nýtt á þannig að við höfum verið að ala um 300 tonn af laxi og 350 tonn af bleikju.

Þetta er af þeim ástæðum að okkar birgi í viðbótar seiðum þ.e. Stofnfiskur gat ekki framleitt seiði fyrir okkur á árunum 2005 og 2006 vegna nýrnaveiki sem kom upp í seiðaeldinu hjá þeim.

Nú er hinsvegar ekkert að vanbúnaði að auka framleiðsluna í laxi en við megum illa við því að minka framleiðsluna í bleikju þar sem útflutningsverð á henni er mjög hátt.

Um 90 % af bleikju framleiðslu okkar fer á erlenda markaði og til þess að geta þjónað þeim mörkuðum 52 vikur á ári þarf framleiðslan að vera af ákveðinni stærðargráðu.

Laxinn fer hinsvegar allur á innanlandsmarkað og þar sem við erum einir eftir í laxeldi hefur verið viðvarandi skortur á laxi s.l. 4 ár sem hefur verið mætt með innflutningi frá Færeyjum.

Við óskum því eftir að starfsleyfið verði útvíkkað þannig að við megum ala 5-600 tonn af laxi og 3-400 tonn af bleikju. Það er allt að 1000 tonnum af fiski.

Virðingarfyllst,  
Fh. Rifóss hf.

*Hlífur Karlsson*

Hlífur Karlsson framkv.stjóri.

**Fylgir:** Vurðering av resipientkapasitet i Lón, Öxarfjörður, Island 2005

Póstfang (Mailing Address)

**RIFÓS HF.**  
V/Lónin Kelduneshr.  
671 Kópasker  
Ísland (Iceland)

Sími (Telephone)  
(96) 52190  
International  
(354) 6 52190

Telefax  
(96) 52191

KT. / (ID) 500692-2869  
VSK / (VAT) 33950